

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Húnavatnshrepps vegna nýs efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal, Húnabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. desember 2025 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. nóvember 2025.

Í breytingunni felst nýtt efnistökusvæði E69 í landi Hnjúks í Vatnsdal fyrir vegagerð. Áætluð efnistaka er um 20.000 m³ á næstu tíu árum á um 1,25 ha svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. desember 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026